

Mál nr. 65/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Starfsmaður á renniverkstæði slasaðist við viðgerð á vinnuvélatjakki þann 16.3.2009.

Gögn.

34. Málskot, móttakið 17.2.2011, ásamt fylgigögnum.
35. Bréf X, dags 7.3.2011.

Málsatvik.

M vann við viðgerð á glussatjakki úr vinnuvél hjá vinnuveitanda sínum, V. M kveðst hafa fest tjakkinn, sem var sérstaklega langur, í þar til gerðan bekk. Stimpilstöngin hafi svo verið dregið vélrænt út úr stimpilrörinu. Taldi M að hann hafi hleypt þrýstingi út úr rörinu væntanlega með því að opna sérstakan loftventil. Þegar stimpilstöngin var fullútdregin hafi tjakkurinn verið á fjórða metra að lengd og náð því sem næst að dyrum verkstæðisins. Er M hugðist ná í verkfæri kvaðst hann hafa þurft að þrengja sér á milli enda stimpilstangarinnar og verkstæðishurðarinnar og hafi hann stutt með vinstri hendi á stimpilstöngina til að veða sig fram hjá endanum. Þá hafi stimpilstöngin skotist aftur inn í stimpilrörið, líklegast vegna undirþrýstings í rörinu. Vinstri hönd M hafi þá klemmst illa á milli stangarinnar og svokallaðs hálsstykkis eða kraga fremst á rörinu. Lögregla var ekki kvödd á vettvang og slysið var ekki tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu. Var af hálfu félagsins talið að nægilegt rými hafi verið á milli tjakksins og hurðarinnar til að komast þar á milli. Þá hafi M að öllum líkindum gleymt að gera ráðstafanir til að hleypa lofti inn í stimpilrörið auk þess sem hann hafi ekki fylgst nægilega vel með þegar undirþrýstingur hafi myndast í rörinu.

Álit.

Slysið var tilkynnt Vinnueftirlitinu án ástæðulausrar tafar eða innan sólarhrings eins og V bar að gera, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Engin rannsókn fór fram á slysinu og tildrögum þess. Er óupplýst hverjar hafi verið ástæður þess að stimpilstöngin hrökk til baka með hinum afdrifaríku afleiðingum. Þar sem V sinnti ekki skyldu sinni að tilkynna um slysið til Vinnueftirlitsins verður hann að bera hallann af skorti á sönnun um þau atriði sem óljós eru og þýðingu hafa við mat á ábyrgð aðila. Verður að leggja til grundvallar að slysið megi rekja til óforsvaranlegrar vinnuaðstöðu og að M hafi verið falið einum að vinna verkið án nægilegs eftirlits og leiðbeininga. Verður V talinn bera ábyrgð á líkamstjóni því sem M hlaut í slysinu. Tjónið er því bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 21. mars 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.